

## AUGLÝSING

### um afgreiðslutíma Akureyrar Apóteks og Stjórnú Apóteks, Akureyri.

Samkvæmt heimildum í Reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 305/1972 skal almennur afgreiðslutími Akureyrar Apóteks og Stjórnú Apóteks, Akureyri, vera sem hér segir:

Mánudaga—fimmtudaga kl. 9—18.

Föstudaga kl. 9—19.

Auk framangreinds almenns afgreiðslutíma skulu lyfjabúðirnar vera opnar til skiptis, eina viku í senn, sem hér segir:

Mánudaga—föstudaga kl. 18—19 og 20—21.

Laugardaga kl. 11—12, 15—16 og 20—21.

Helgidaga og almenna frídaga kl. 11—12, 15—16 og 20—21.

Aðfangadag og gamlársdag kl. 12—14 og 20—21.

Einnig skulu lyfjabúðirnar annast neyðarvakt (kallvakt) að næturlagi á þeim tíma, sem ekki er opið samkvæmt framangreindu, og skulu þær annast þessa neyðarvakt til skiptis, eina viku í senn.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 28. júní 1974.*

**F. h. r.**

**Páll Sigurðsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

Nr. 211.

1. júlí 1974.

## AUGLÝSING

### um skipulag í Gnúpverjahreppi, Árnassýslu.

Að fengnum tillögum skipulagsstjórnar ríkisins hefur ráðuneytið, samkvæmt heimild í 4. gr. 2. mgr. skipulagslaga nr. 19/21. maí 1964, ákveðið, að ákvæði skipulagslaga nr. 19/1964 nái til Gnúpverjahrepps í Árnassýslu, að undanskildum nauðsynlegum byggingaframkvæmdum vegna búrekstrar á lögbýlum.

Þetta er hér með birt til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 1. júlí 1974.*

**Hallgrímur Dalberg.**

*Jón Sigurpálsson.*